



Nefndasvið Alþingis  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 02. janúar 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur). (Þingskjal 40 — 40. mál.) Umsögnin er samhljóða fyrri umsögn um sama mál vorið 2017.

Virðingarfyllt,  
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur)**

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og þakka fyrir það.

Samtökin styðja framkomið frumvarp um lækkun kosningaaldurs í sveitarstjórnakosningum niður í 16 ár. Telja samtökin það opna tækifæri fyrir börn til lýðræðisþátttöku í samfélaginu sem er í samræmi við ákvæði Barnasáttmálans. Í honum er börnum tryggður réttur til að tjá skoðanir sínar, réttur til upplýsinga, réttur til áhrifa á eigið líf og styður hann við rétt til undirbúnings því að lifa ábyrgu og sjálfstæðu lífi í lýðræðissamfélagi.

Barnaheill eru jákvæð fyrir því að börnum verði boðin aukin þátttaka í lýðræðinu. Samtökin hvetja þó til þess að börn verði undirbúin vel fyrir kosningar svo þau megi taka upplýsta ákvörðun. Eðlilegt er að börn læri lýðræði alla skólagönguna og gagnrýna hugsun, og öðlist aukinn skilning eftir því sem þau vaxa og þroskast. Búa þarf svo um að börnum verði tamt að vera hluti af lýðræðissamfélagi og fái að taka þátt í ákvörðunum sem varða stór og smá verkefni, til dæmis í skólum. Nú þegar er margt sem styrkir stöðu barna innan skóla svo sem réttur til setu í skólaráði grunnskóla og framhaldsskóla.

Barnaheill vilja taka fram að kosningaréttur er eins og nafnið segir, réttur til að kjósa en ekki skylda. Því telja samtökin óþarfa að hafa áhyggjur af því að verið sé að leggja of mikla ábyrgð á börn með því að veita þeim kosningarétt. Samfélaginu er óhætt að treysta börnum til að kjósa, rétt eins og það treystir börnum til að taka þátt í atvinnulífinu og greiða tekjuskatt.

Samtökin hafa ennfremur ekki áhyggjur af því að börn verði mötuð á stjórnámálaskoðunum foreldra sinna. Þannig er því nú þegar mjög víða háttað um ungt fólk sem tekur sín fyrstu skref í lýðræðisþátttöku. Fólk þróar með sér sínar skoðanir á æviskeiði sínu og verður fyrir áhrifum úr öllum áttum, sem meðal annars verða hluti af þeirra eigin skoðunum. Því er auðvitað eins farið með börn, þau byggja skoðanir sínar oft á reynslu sinni og þekkingu úr umhverfi sínu, eins og aðrir.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum mannréttindum barna og hafa trú á því að það auðgi samfélag okkar enn frekar ef börn hafa tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem varða börn með því að kjósa í sveitarstjórnakosningum.